

Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnasvið@althingi.is

Alþingi
Erindi nr. P 141/1426
komudagur 8.2.2013

Vestmannaeyjar 8. febrúar 2013.

Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa um frumvarp til laga um náttúruvernd, þingskjal 537, 429. mál.

Samtök náttúrustofa ítreka nákvæma umsögn sem samtökin gerðu við drög að sama frumvarpi og send voru umhverfis- og auðlindaráðuneytinu 24. september 2012 (sjá afrit við lok þessarar umsagnar). Þar eru margar rökstuddar athugasemdir sem ekki hefur verið tekið tillit til við endurskoðun frumvarpsins.

Að auki eru gerðar athugasemdir við III. og XIII. kafla frumvarpsins. Í þessum köflum er algjörlega gengið gegn anda laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, m.s.br., með því að gera ekki ráð fyrir aðkomu náttúrustofa að stjórn náttúruverndarmála og vöktun. Með þessu er einnig brotið niður margra ára árangursríkt samstarf ríkis og sveitarfélaga við uppbyggingu rannsókn- og þjónustustofnana í náttúrufræðum, sem náttúrustofurnar átta eru. Þá brýtur frumvarpið einnig fyrirheit ríkisins til sveitarfélaganna um að náttúrustofurnar fengju stöðugt meiri verkefni.

Til að leiðrétta þessi mistök mætti breyta eftirfarandi greinum frumvarpsins, eins og hér er gert. Breytingar eru **feitiletraðar**.

III. KAFLI

Stjórn náttúruverndarmála.

13. gr.

Yfirstjórn ráðherra og hlutverk stofnana.

Ráðherra fer með yfirstjórn náttúruverndarmála. Ráðherra gefur út náttúruminjasrá og gerir framkvæmdaáætlun til fimm ára í senn. Ráðherra ákveður friðlýsingu svæða og friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda og tekur jafnframt ákvörðun um breytingu og afnám friðlýsingar og friðunar. Umhverfisstofnun fer m.a. með eftirlit með framkvæmd laganna, veitir leyfi og umsagnir samkvæmt ákvæðum laganna, annast umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða, ber ábyrgð á gerð umsýsluáætlana fyrir friðlýst svæði, sinnir fræðslu, veitir ráðherra ráðgjöf um náttúruverndarmál **og annast umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða í samvinnu við náttúrustofur.**

Þá annast stofnunin undirbúning friðlýsinga, metur nauðsynlegar verndarráðstafanir á svæðum sem til greina kemur að setja á framkvæmdaáætlun og sér um kynningu tillögu að endurskoðaðri náttúruminjaskrá og úrvinnslu umsagna vegna hennar.

Náttúrufræðistofnun Íslands og **náttúrustofur** annast m.a. skráningu náttúruminja og mat á verndargildi þeirra, hefur umsjón með C-hluta náttúruminjaskrár og gerir tillögur um nýskráningar í hann sem og tillögur um minjar sem ástæða væri til að setja á framkvæmdaáætlun. **Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur bera** ábyrgð á vöktun í samræmi við ákvæði laganna og skipuleggur framkvæmd hennar, veitir umsagnir samkvæmt lögum þessum, sinnir fræðslu og **veita** ráðherra ráðgjöf um náttúruverndarmál. Ráðherra kveður í reglugerð nánar á um verkefni Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, þar á meðal fræðsluhlutverk þeirra.

15. gr.

Náttúruverndarnefndir.

Á vegum hvers sveitarfélags starfar þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd sem kjörin er af sveitarstjórn til fjögurra ára í senn. Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna. Sveitarstjórn velur jafnframt formann og setur nefndinni erindisbréf. Varamenn skulu kosnir með sama hætti. Sveitarstjórnir greiða kostnað sem hlýst af störfum náttúruverndarnefnda nema öðruvísi sé ákveðið. Umhverfisstofnun skal tilkynnt eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar um kjör í náttúruverndarnefndir. Sveitarfélög geta haft samvinnu við nágrannasveitarfélög um kosningu náttúruverndarnefnda.

Náttúruverndarnefndir skulu vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um náttúruverndarmál. Skulu þær stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með fræðslu um náttúru svæðisins og með því að fylgjast með ástandi hennar og þróun, þar á meðal ástandi gróðurs og skóga. Verði nefndirnar varar við eitthvað sem nauðsynlegt er að bregðast við skulu þær tilkynna það viðeigandi stofnunum. Náttúruverndarnefndir veita umsagnir í samræmi við ákvæði laga þessara og geta gert tillögur um aðgerðir í þágu náttúruverndar til sveitarstjórna, Umhverfisstofnunar, Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins.

Náttúruverndarnefndir skulu leita aðstoðar og ráðgjafar Umhverfisstofnunar þegar ástæða er til. Umhverfisstofnun skal sjá til þess að í boði séu námskeið um lög um náttúruvernd og hlutverk náttúruverndarnefnda fyrir fulltrúa nefndanna að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Stofnunin og fulltrúar náttúruverndarnefnda **og náttúrustofa** skulu halda a.m.k. einn sameiginlegan fund á ári. Náttúruverndarnefndir skulu veita Umhverfisstofnun yfirlit yfir störf sín með skýrslu í lok hvers árs og skal stofnunin gefa út leiðbeiningar um gerð skýrslunnar. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hlutverk náttúruverndarnefnda og tengsl þeirra við náttúrustofur samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992.

16. gr.

Ráðgjafarnefnd og fagrað náttúruminjaskrár.

Ráðherra skipar ráðgjafarnefnd náttúruminjaskrár til fimm ára í senn. Skal nefndin skipuð sjö fulltrúum. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir **tvo** fulltrúa en Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, **Samtök náttúrustofa** og það ráðuneyti sem fer með atvinnumál og jarðrænar auðlindir skipa einn fulltrúa hver. Ráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Hlutverk ráðgjafarnefndar er að vera ráðherra til ráðgjafar um

gerð framkvæmdaáætlunar (B-hluta) náttúruminjaskrár. Það ráðuneyti sem fer með umhverfismál annast umsýslu vegna starfs nefndarinnar. Kostnaður við störf ráðgjafarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra skipar fagráð náttúruminjaskrár til fimm ára í senn. Skal ráðið skipað átta fulltrúum. Umhverfisstofnun, Skógrækt ríkisins, Veidimálastofnun, Hafrannsóknastofnunin, Fornleifavernd ríkisins, Samtök náttúrustofa og náttúru- og umhverfisverndarsamtök tilnefna einn fulltrúa hver. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Fulltrúar í fagráði náttúruminjaskrár og varamenn þeirra skulu hafa háskólamenntun á sviði náttúrufræða nema fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem skal vera fornleifafræðingur eða hafa sambærilega menntun er lýtur að varðveislu menningarminja. Fagráð náttúruminjaskrár skal vera Náttúrufræðistofnun Íslands til ráðgjafar um gerð tillögu um minjar á náttúruminjaskrá, sbr. 2. mgr. 34. gr. Náttúrufræðistofnun Íslands annast umsýslu vegna starfs fagráðsins.

XIII. KAFLI

Vöktun og eftirlit.

74. gr.

Vöktun.

Náttúrufræðistofnun Íslands og **náttúrustofur annast** vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum með lögum.

Náttúrufræðistofnun Íslands og **náttúrustofur vinna** heildstæða áætlun um vöktun, sbr. 1. mgr., og **skipuleggja** framkvæmd hennar. Vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði skal vera hluti umsýsluáætlunar viðkomandi svæðis. **Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur geta** haft samstarf við aðra aðila um vöktun. **Þeim** er jafnframt heimilt að fela hæfum aðilum að annast tiltekna þætti vöktunar en um það skal gera samning þar sem m.a. er kveðið á um umfang verkefnisins og eftir atvikum um greiðslur fyrir það.

Náttúrufræðistofnun Íslands og **náttúrustofur bera** ábyrgð á birtingu niðurstaðna vöktunar og **miðla** upplýsingum um þær.

97. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

4. Lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum: Eftirtaldar breytingar verða á 2. mgr. 4. gr. laganna:

- a. Orðin „verndargildi vistkerfa og náttúruminja og“ í e-lið falla brott.
- b. Síðari málsliður i-liðar, sbr. 3. gr. laga nr. 169/1998, fellur brott.
- c. Við bætast tveir nýir stafliðir svohljóðandi:
 - j. að skrá náttúruminjar, annast mat á verndargildi þeirra og hafa umsjón með C- hluta náttúruminjaskrár, **ásamt náttúrustofum.**
 - k. að **annast** vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum með lögum, **ásamt náttúrustofum.**

Um 4. tölul. Samkvæmt frumvarpinu er Náttúrufræðistofnun Íslands **og náttúrustofum** markað skýrara og fjölþættara hlutverk en í gildandi náttúruverndarlögum. Þetta tengist m.a. ríkari áherslu á vísindalegan grundvöll ákvarðanatöku. T.d. eru stofnuninni **og náttúrustofunum** falin mikilvæg verkefni við umsjón C-hluta náttúruinjaskrár, gerð tillagna um nýskráningar í hann og tillagna um minjar sem ástæða er til að setja á framkvæmdaáætlun. Eins er ábyrgð Náttúrufræðistofnunar Íslands **og náttúrustofa** á vöktun sett fram með skýrum hætti en vöktun er nú þegar stór hluti af starfsemi **þeirra**. Þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum, samræmast þessu breytta hlutverki.

Fyrir hönd Samtaka náttúrustofa,

Ingvar Atli Sigurðsson, formaður

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Skuggasundi 1

150 Reykjavík

postur@uar.is

Sauðárkróki, 24. september 2012

Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa (SNS) um drög að frumvarpi til laga um náttúruvernd

Samtök náttúrustofa (SNS) hafa fengið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um náttúruvernd. SNS fagna því að nú fari fram heildstæð endurskoðun á lögnum og að drög séu send til umsagnar á þessu stigi málsins. Jafnframt ber að hrósa sérlega vönduðum undirbúningi lagasetningarinnar.

Það er álit SNS að verði þau drög sem nú liggja fyrir að nýjum náttúruverndarlögum, komi þau til með að bæta mjög lagaumhverfi náttúruverndar á Íslandi frá því sem nú er. Hins vegar hafa SNS nokkrar ábendingar sem taldar eru til þess fallnar að bæta löggjöfina enn meir. Fyrst koma nokkrar almennar athugasemdir en síðar koma athugasemdir við einstakar greinar. Þess skal getið að allar náttúrustofur komu að gerð umsagnarinnar.

Sameiginleg stjórnun náttúruverndarsvæða

Náttúruverndarsvæði á Íslandi eru undir stjórn margra og mjög mismunandi aðila. Sérlæg gilda um Þjóðgarðinn á Þingvöllum, Vatnajökulsþjóðgarð og vernd Breiðafjarðar, Landgræðslan hefur svæði undir sinni umsjá og þjóðskógar heyra undir Skógrækt ríkisins. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull fellur aftur á móti undir Umhverfisstofnun ásamt fjölmörgum verndarsvæðum. Framangreind svæði, að Þjóðgarðinum á Þingvöllum undanteknum sem fellur undir Þingmannanefnd, heyra undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið en Þjóðlendur falla undir forsætisráðuneytið. Að mati SNS er brýnt að samræma stjórn náttúruverndarsvæða og helst fela hana einni stofnun. Þetta tryggir mun betri yfirsýn og er líklegt til að stuðla að uppbyggingu sterkari faglegri einingar. Einnig er líklegt að þetta stuðlaði að eflingu tengsla milli þekkingaröflunar og ákvarðanatöku og betri nýtingu opinbers fjármagns til rekstrar verndarsvæða.

Válistar

Válistar geta verið mikilvæg stjórnþæki í náttúruvernd. SNS telja að skýra og styrkja ætti stöðu þeirra í nýjum náttúruverndarlögum.

Fræðsla um náttúru Íslands

Fræðsla er að líkindum ein af skilvirkustu leiðunum til bættrar umgengni og náttúruverndar. Því miður hefur þó oft of lítil áhersla verið lögð á þennan þátt, einkum vegna lágra fjárframlaga til fræðslumála um náttúruna.

Náttúrustofur hafa skýrt fræðsluhlutverk um náttúru og umhverfi skv. 11. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992. Þessu hlutverki hafa þær hingað til sinnt á fjölbreyttan hátt með fyrirlestra- og námskeiðahaldi, útgáfu prentaðs efnis, gerð upplýsingaskilta, rekstri náttúrugripasafna o.s.frv. Í ljósi þess hversu mikilvæg aukin fræðsla um náttúruna er, telja SNS að skrifa eigi náttúrustofurnar inn í náttúruverndarlögin þegar kemur að umfjöllun um fræðslu en það hefur láðst við gerð þeirra draga sem nú eru til umfjöllunar.

Hér á eftir fer umsögn SNS um einstaka liði frumvarpsins:

I. KAFLI. MARKMIÐ, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

2. GR. VERNDARMARKMIÐ FYRIR VISTGERÐIR, VISTKERFI OG TEGUNDIR

E.t.v. má gera athugasemd við orðin „efla“, „ákjósanlegt“ og „viðhalda“, sem í almennum skilningi er háð túlkunum og mati. Hins vegar er merkingin að baki orðanna skilgreind ágætlega á bls. 41 í athugasemdum um 2. grein.

Lagt er til að orðinu „ágeng“ verði bætt fyrir framan orðin „framandi tegundir“ í niðurlagi c-liðar. Eðlilegt er að lögin taki ekki til verndunar ágengra tegunda, en í einhverjum tilfellum getur verið æskilegt að varðveita tegundir þótt þær séu framandi, t.d. hagamús. Þannig er hægt að tryggja að lögin nái til slíkra tegunda án þess að setja tímamörk á það hvenær tegund telst framandi (sjá athugasemd við skilgreiningu á „framandi lífverur“ í 5. grein hér á eftir).

4. GR. GILDISSVIÐ

Í þessari grein segir m.a.: "*Lög þessi breyta í engu ákvæðum löggjafar um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, ...*"

Standi lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 og tengdar reglugerðir áfram óbreyttar, verður áfram hægt að veiða úr dýrastofnum sem eru á hraðri niðurleið og jafnvel í hættu ef hægt er að sýna fram á að slík veiði falli undir hlunnindi. Þetta getur hindrað varðveislu einstakra tegunda og þarf því að bæta úr.

5. GR. SKILGREININGAR

Kaflinn um skilgreiningar er framför frá fyrri lögum. Hins vegar eru gerðar athugasemdir við eftirfarandi skilgreiningar:

2. *Ábyrgðartegund* – Þarna vantar að setja viðmiðunarmörk, þ.e. hversu stór hluti af viðkomandi stofni þarf að halda hér til svo tegundin sé skilgreind sem ábyrgðartegund.

3. *Ágeng framandi lífvera* - Þessi skilgreining er ófullnægjandi. Misskilningur er algengur í umræðu um framandi og ágengar tegundir og virðist hann oft tengjast skilgreiningum. Til þess að auka líkur á að markmið lagabreytinganna náist og minnka hættu á misskilningi þarf að skerpa enn betur á skilgreiningunni.

Skilgreining Samningsins um líffræðilega fjölbreytni á ágengri tegund, sem finna má á netslóðinni <http://www.cbd.int/decision/cop/?id=7197>, er að mati SNS of þröng, þar sem hún virðist eingöngu taka mið af líffræðilegri fjölbreytni en tekur ekki tillit til neikvæðra efnahagslegra eða heilsufarslegra áhrifa fyrir manninn. Þetta er e.t.v. eðlilegt þar sem samningurinn fjallar eins og nafnið bendir til aðeins um líffræðilega fjölbreytni. Þar að auki tekur hún ekki mið af því að útbreiðslumynstur á fyrri stigum stofnvaxtar gefur mikilvægar vísbendingar um það hvort framandi tegund á eftir að verða ágeng:

"invasive alien species" means an alien species whose introduction and/or spread threaten biological diversity (For the purposes of the present guiding principles, the term "invasive alien species" shall be deemed the same as "alien invasive species" in decision V/8 of the Conference of the Parties to the Convention on Biological Diversity.);

Þess vegna er hér lagt til að ágeng lífvera verði skilgreind á eftirfarandi hátt:

Ágeng framandi lífvera: Framandi lífvera í viðkomandi vistkerfi, sem a) sýnir mikla eða hraða útbreiðsluaukningu af eigin rammleik eða b) veldur eða er líkleg til að valda rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni, efnahagslegu eða umhverfislegu tjóni eða er skaðleg heilsufari manna.

Þessi skilgreining er tvíþætt en ef framandi lífvera uppfyllir fyrri lið hennar er mjög líklegt að hún sé ágeng og eigi eftir að valda skaða. Fyrri hluti skilgreiningarinnar er til þess fallinn að stytta viðbragðstíma aðgerða og er því mjög mikilvægur. Einnig er mikilvæg sú viðbót sem fram kemur í seinni hlutanum (og er í skilgreiningunni í drögum að nýjum náttúruverndarlögum) um að sé lífvera líkleg til að valda rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni, eigi að flokka hana sem ágenga og bregðast við því á viðeigandi hátt. Ekki sé beðið eftir að hún breiðist nægilega út til að valda tjóni því þá er hugsanlega orðið of seint að bregðast við. Rannsóknir hafa sýnt að reynsla annarra þjóða af slíkum tegundum hafi gott forspárgildi um hegðun tegundanna í nýjum heimkynnum.

5. *Búsvæði* – Skilgreiningin er afar óljós og opin en úr því þarf að bæta. Búsvæði geta t.d. verið svæði sem lífverur nota sér til framfærslu og viðkomu eða til að uppfylla aðrar þarfir sem hafa áhrif á lífslíkur eða viðkomu. Hér leggja SNS jafnframt til að skilgreind verði **lykilbúsvæði**, sem geta verið breytileg í tíma og rúmi, og eru sérstaklega mikilvæg lífverum. Búsvæði eru lykilbúsvæði ef a) finna má meiri þéttleika eða útbreiðslu einstaklinga ákveðinnar tegundar eða stofns en gerist að jafnaði á öðrum búsvæðum eða ef b) lífsskilyrði, æxlunarárangur og/eða lífslíkur einstaklinga af tilteknum stofni tegundar sem nýtir búsvæðið er betri en þeirra einstaklinga af sama stofni sem nýta önnur búsvæði að jafnaði. Dæmi um slík lykilbúsvæði geta verið lífríkar leirur og frjósöm votlendissvæði.

8. *Framandi lífverur* - Í athugasemdum um 5. gr. á bls. 44 segir að framandi lífverur séu skilgreindar eins og í frumvarpi um breytingar á náttúruverndarlögunum, sem lagt var fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi. Þetta er ekki rétt því skilgreiningin á framandi lífveru hefur gjörbreyst og fylgir nú nokkurn veginn tillögu meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, sem virðist komin úr umsögn Samtaka náttúrustofa um drög að áðurnefndu frumvarpi. Þessi skilgreining er skýr og jafnframt nægilega ítarleg. Ein breyting hefur þó verið gerð á þeirri tillögu en hún er sú að í stað þess að niðurlagið hljómaði „... óháð því hvenær það gerðist“, er nú eingöngu miðað við að lífverur séu framandi ef þær bárust til landsins eftir árið 1750. Engin fræðileg réttlætning getur verið fyrir því að nefna ákveðið ártal í þessu sambandi, enda eru flestir fræðimenn nú fallnir frá þeirri hugsun vegna mjög mismunandi hegðunar tegunda varðandi tregðufasa (lag-phase) í stofnvexti. Tregðufasinn getur verið mjög skammur en einnig allt að nokkrum öldum¹. Í athugasemdum við frumvarpið eru lítil rök færð fyrir þessari breytingu önnur en þau að ef miðað væri við landnám væri hagamúsinn framandi. Það hvort tegund telst framandi verður hins vegar að taka mið af því að tegundina sé að finna utan náttúrulegs útbreiðslusvæðis vegna íhlutunar manna, óháð því hvenær það gerðist, þ.e. tilvist tegundarinnar þar er ekki náttúruleg í eðli sínu. Af því leiðir m.a. að hagamúsinn er framandi tegund á Íslandi. Í því felst enginn dómur um ágæti hennar, enda er orðið „framandi“ aðeins hlutlaus lýsing á uppruna viðkomandi tegundar. Með því að breyta orðalagi í 2.gr.c-liðar eins og lagt er til hér að framan er tryggt að lögin nái einnig til hagamála og annarra framandi tegunda sem æskilegt þykir að varðveita í íslenskri náttúru.

9. *Innflutningur framandi lífvera* – Þessi skilgreining þarf einnig að ná til flutnings innanlands, þ.e. flutning tegundar eða stofns (viljandi eða óviljandi) út fyrir sitt náttúrulega forna eða núverandi útbreiðslusvæði.

13. *Náttúruminjar* – Gerð er athugasemd við orðalagið „... sem tekin hefur verið afstaða til að rétt sé að vernda.“ Þarna þarf að skýra, a.m.k. í athugasemdum við frumvarpið, hver þurfi að hafa tekið þessa afstöðu. Líklega er þarna átt við að viðkomandi náttúrufræðingur sé komið á náttúruminjasráð.

17. *Ræktað land* – SNS gerir athugasemd við að ræktað land teljist til óræktaðs lands ef landið hafi ekki verið ræktað í 15 ár. Þetta getur e.t.v. átt við ef um er að ræða tún eða akra, en ræktaður skógur hlýtur að taka mið af öðrum tímakvarða. Í skýringum með greininni eru færð þau rök að á 15 árum hafi gróður á landinu tekið miklum breytingum og færst til náttúrulegs horfs. Bent er á að gróðurfar hefur varla færst til náttúrulegs horfs ef framandi tegundir hafa verið ræktaðar á svæðinu og finnast þar enn (t.d. í ræktun greniskóga). Ræktað land verður varla náttúrulegt aftur nema að eingöngu hafi verið notaðar innlendar tegundir í ræktunina, eða þá að gripið hafi verið til aðgerða til að útrýma framandi tegundum sem dreift hefur verið um svæðið.

12. GR. FRÆÐSLA

Í athugasemdum við 12. gr. segir m.a.: *“Bæði Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands gegna mikilvægu fræðsluhlutverki og einnig náttúruverndarnefndir, sbr. 2. mgr. 15. gr.”* Í 11. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 kemur fram að náttúrustofur hafa fræðsluhlutverk um náttúru og umhverfi, sem þær hafa sinnt með fjölbreyttum hætti. Í ljósi þess hversu mikilvæg aukin fræðsla um náttúruna er, leggja SNS til að 12. greinin verði útfærð nánar og gert hærra undir höfði í nýjum lögum. Að auki að skrifa eigi náttúrustofurnar inn í

¹ Henderson, S., Dawson, T.P. & Whittaker, R.J. 2006. Progress in invasive plants research. *Progress in Physical Geography* 30. 25–46.

náttúruverndarlögin þegar kemur að umfjöllun um fræðslu (sjá einnig almenna athugasemd á fyrstu síðu þessarar umsagnar).

III. KAFLI. STJÓRN NÁTTÚRUVERNÐARMÁLA

14. OG 15. GR. NÁTTÚRUVERNÐARUMDÆMI OG NÁTTÚRUVERNÐARNEFNDIR

SNS telja það vera skref í rétta átt að færa náttúruvernd að nokkru leyti heim í hérað og skipta landinu í náttúruverndarumdæmi. Hins vegar er nauðsynlegt að skilgreina betur hlutverk umdæma og þeirra sem þar starfa og þá sérstaklega samstarf við náttúruverndarnefndir í héraði.

Í 15. gr. er fjallað um hlutverk náttúruverndarnefnda. Í fljótu bragði virðist geta verið um nokkra skörun að ræða á milli hlutverks nefndanna og þeirra sem starfa í hverju náttúruverndarumdæmi. Það er mjög mikilvægt að gott samstarf verði á milli þessara aðila en engu að síður nauðsynlegt að skýra hlutverk þeirra betur.

Einnig er mikilvægt að skilgreina vel tengsl náttúruverndarumdæma við náttúrustofur, einkum með vísan í áherslur frumvarpsins um vísindalega þekkingu sem grundvöll ákvarðanatöku.

Náttúrustofur vinna að rannsóknum og fræðslu, hver í sínu héraði. Tækifæri skapast fyrir samstarf milli starfsmanna náttúruverndarumdæma, náttúrustofa og náttúruverndarnefnda.

17. GR. UMHVERFISÞING

Með tilkomu náttúruverndarumdæma, styrkingu á náttúruverndarnefndum og náttúrustofum um allt land skapast einnig vettvangur fyrir þing/málþing um umhverfis- og náttúruverndarmál í hverju umdæmi. Með því væri komið enn frekar inn á áherslur hvítbókar um að efla náttúruvernd á landsbyggðinni. Slík svæðisbundin málþing geta stutt enn frekar við Umhverfisþing með því að koma með skýrar áherslur frá héruðum inn á umhverfisþing.

IV. KAFLI. ALMANNARÉTTUR, ÚTIVIST OG UMGENGNI

29. GR. ÚRLAUSN UM ÓLÖGMÆTAR HINDRANIR

Í greininni segir að Umhverfisstofnun geti falið umdæmislandvörðum að annast framkvæmd greinar þessar. Það er nauðsynlegt að umdæmislandverðir (náttúruverndarumdæmi) hafi gott samstarf við náttúruverndarnefndir viðkomandi landsvæðis vegna mála sem geta komið upp en þau geta einnig varðað skipulagsmál viðkomandi sveitarfélaga.

30. GR. HEIMILDIR TIL AÐ BÆTA AÐSTÖÐU TIL ÚTIVISTAR

Eðlilegt er að sveitarfélög (þar á meðal viðkomandi nefndir á þeirra vegum) og umdæmislandverðir vinni saman að þessum málum í samstarfi við fleiri aðila í héraði, enda geta einstakar framkvæmdir verið skipulagsskyldar.

VI. KAFLI. NÁTTÚRUMINJASKRÁ

37. GR. RÉTTARÁHRIF SKRÁNINGAR MINJA Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Lagt er til að einnig skuli leita umsagnar hlutaðeigandi náttúrustofu áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd sem hefur í för með sér röskun á svæði eða minjum á C-hluta náttúruminjaskrár.

VII. KAFLI. FRIDLÝSING SVÆÐA

41. GR. UNÐANÞÁGA FRÁ ÁKVÆÐUM FRIDLÝSINGAR

Undanþágur eru veikur hlekkur á friðlýsingum og til þeirra þarf að vanda sérstaklega vel. Lagt er til að aukalega við umsagnir NÍ og náttúruverndarnefndar verði einnig fengin umsögn frá hlutaðeigandi náttúrustofu.

44. GR. AFNÁM EÐA BREYTING FRIDLÝSINGAR

Lagt er til að einnig skuli leita umsagnar hlutaðeigandi náttúrustofu þar sem sótt er um afnám eða breytingu á friðlýsingu.

X. KAFLI. VERND JARÐMINJA, VISTKERFA, VISTGERÐA OG TEGUNDA

57. GR. SÉRSTÖK VERND TILTEKINNA VISTKERFA OG JARÐMYNDANA

Lagt er til að einnig skuli leita umsagnar hjá hlutaðeigandi náttúrustofu þar sem sótt er um leyfi til framkvæmda í sérstaklega vernduðum vistkerfum og jarðmyndunum.

59. GR. RÉTTARÁHRIF FRIDUNAR

Vafasamt er að opna fyrir möguleika á að réttlæta framkvæmdir með mótvægisáðgerðum þegar um er að ræða sérstök vistkerfi og vistgerðir, enda eru upprunaleg búsvæði jafnan betri en endurheimt. Mótvægisáðgerðir með „uppbyggingu annarra staða“ ætti ekki að koma til greina í lítt snortnum vistkerfum og vistgerðum sem hafa fengið að mótast á eigin forsendum án mikilla umsvifa tengdum mannum.

60. GR. UNÐANÞÁGA FRÁ ÁKVÆÐUM AUGLÝSINGAR UM FRIDUN

Hér ætti einnig að leita umsagnar hjá hlutaðeigandi náttúrustofu.

„Við afgreiðslu undanþágu skal leggja áherslu á þýðingu viðkomandi svæðis fyrir vistkerfið, vistgerðina eða tegundina sem í hlut á og eftir atvikum hvort unnt er að byggja upp samsvarandi verndarsvæði annars staðar.“

62. GR. STEINDIR OG STEINGERVINGAR

Lagt til að einnig þurfi umsögn frá hlutaðeigandi náttúrustofu ef veita á undanþágu.

XI. KAFLI. FRAMANDI TEGUNDIR

Verði þessi kafli óbreyttur að lögum er um mikla framför að ræða frá fyrri lögum. Á síðustu árum hefur orðið vitundarvakning víða um heim um þann skaða sem ágengar framandi tegundir geta valdið. Samtök náttúrustofa fagna því þeim áherslum sem hér eru settar, ekki síst því sem fram kemur í 67. grein um aðgerðir vegna ágengra lífvera. Samanber athugasemd við skilgreiningu á ágengri lífveru í I. kafla er mikilvægt að einskorða ekki skoðun framandi ágengra lífvera við áhrif á líffræðilega fjölbreytni, heldur taka einnig tillit til neikvæðra efnahagslegra eða heilsufarslegra áhrifa fyrir manninn. Texta í 63. gr. þarf að laga samkvæmt því.

SNS vill þó gera eftirfarandi athugasemdir:

63. GR. INNFLUTNINGUR LIFANDI FRAMANDI LÍFVERA

Hér eru plöntur til garðræktar undanskildar banni við innflutningi. Bent er á að reynsla bæði erlendis og hérlendis hefur sýnt að margar ágengar plöntutegundir hafi einmitt átt uppruna sinn að rekja til garðræktar. Til að garðplöntur verði undanskyldar innflutningsbanni VERÐUR þegar við samþykkt laganna að liggja fyrir ítarlegur „svartlisti“ um tegundir sem bannað er að flytja inn. Að öðrum kosti gengur ekki upp að undanskilja garðplöntur banni við innflutningi án tilskilinna leyfa.

64. GR. DREIFING LIFANDI LÍFVERA

Lögð er til viðbót við b-lið, þannig að hann verði svohljóðandi: „að flytja lifandi lífverur innanlands til svæða þar sem þær koma ekki náttúrulega fyrir ef ástæða er til að ætla að það ógni líffræðilegri fjölbreytni eða náttúrulegum þróunarferlum“. Þessi viðbót er nauðsynleg til að tryggja að ekki sé hróflað við þeirri afbrigða- og tegundamyndun sem í einhverjum tilfellum á sér stað hérlendis. Mögulegt er að flutningur einstaklinga af tilteknum stofni á nýtt svæði myndi ekki endilega skerða þá líffræðilegu fjölbreytni sem þegar væri fyrir hendi, en hann gæti í einhverjum tilfellum truflað náttúrulega þróunarferla, s.s. tegundamyndun (t.d. vegna afráns, samkeppni, áhrifa á fæðustofna eða vegna kynblöndunar), sem leiða myndi til skerðingar á þeirri líffræðilegu fjölbreytni sem annars hefði orðið.

67. GR. AÐGERÐIR VEGNA ÁGENGRA FRAMANDI LÍFVERA

Jákvætt er að búin verði til úrræði til aðgerða gegn ágengum tegundum en hér vantar úrræði fyrir sveitarfélög sem vilja taka frumkvæði í að ráðast til atlögu gegn ágengum tegundum. Nú eru lítil sem engin úrræði fyrir hendi til að fara inn á eignarlönd við slíkar aðgerðir en þörfin fyrir slík úrræði hefur nú þegar komið í ljós, t.d. í verkefni Stykkishólmsbæjar gegn ágengum plöntum. Fyrirsjáanlegt er að þörfin fyrir úrræði sveitarfélaga til að fara í aðgerðir gegn ágengum tegundum á einkalöndum muni aukast eftir því sem ýmsar ágengar tegundir (t.d. kanínur og skógarkerfill) auka útbreiðslu sína á komandi árum.

XII. KAFLI. SKIPULAGSGERÐ, FRAMKVÆMDIR OG FLEIRA

68. GR. GERÐ SKIPULAGSÁÆTLANA

Lagt til að einnig verði leitað umsagnar hjá hlutaðeigandi náttúrustofu.

XIII. KAFLI. VÖKTUN OG EFTIRLIT

74. GR. VÖKTUN

Lagt er til að Náttúrufræðistofnun Íslands verði gert að hafa samstarf við náttúrustofur og aðrar stofnanir sem starfa á sviði náttúrufræðisrannsókna um undirbúning og framkvæmd vöktunar

77. GR. EFTIRLIT MEÐ ÁSTANDI SVÆÐA Í ÓBYGGÐUM

Samkvæmt drögnum verður Umhverfisstofnun heimilt að fela ýmsum aðilum eftirlit með ástandi svæða. Þarna mætti gjarnan kveða fastar að orði, enda æskilegt að eftirlitið færist í auknum mæli nær viðkomandi svæðum.

XIV. KAFLI. UMSJÓN OG EFTIRLIT MEÐ NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐUM

80. GR. UMDÆMISLANDVERÐIR OG LANDVERÐIR

Sjá einnig athugasemdir við 14. og 15. gr. varðandi mikilvægi þess að skilgreina vel hlutverk, starfsvið og samstarf náttúruverndarumdæma (umdæmislandvarða) við náttúruverndarnefndir og náttúrustofur.

Námskeið í landvörslu. Á síðasta áratug hefur heilsársstarfsfólki á friðlýstum svæðum fjölgað mjög ásamt því að landvörðum hefur fjölgað, sérstaklega með tilkomu Vatnajökulsþjóðgarðs. Landvarðanámskeið Umhverfisstofnunar hafa síðustu ár verið haldin á hverju ári í stað annars hvers áður en á sama tíma eru námskeiðin orðin aðeins styttri. Á námskeiðunum öðlast nemendur landvarðaréttindi. Við ferðamálaeild Hólaskóla-Háskólans á Hólum og á náttúru- og umhverfisfræðibraut við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri geta nemendur einnig öðlast landvarðaréttindi með því að taka þar ákveðin námskeið.

Góð menntun heilsársstarfsmanna og sumarlandvarða er mjög mikilvæg þar sem æ meiri kröfur eru gerðar til viðkomandi starfsmanna. Má því velta fyrir sér hvort ekki sé orðið tímabært að endurskoða núverandi fyrirkomulag, taka skrefið lengra og gera menntun þeirra hærra undir höfði heldur en aðeins með stuttu námskeiði. Það mætti gera með því að þróa og tengja menntun þeirra við það háskólanám sem nú er til staðar og gera námið að eins árs diplómanámi. Einnig mætti hugsa sér að samtvinna nám landvarða og leiðsögumanna á einhverju stigi en báðar þessar stéttir starfa náið með fólki í náttúru Íslands.

81. GR. UMSÝSLUÁÆTLUN

Umsýsluáætlun er ekki gott orð yfir það sem menn hafa vanist að kalla verndaráætlanir. Þeir sem þekkja hlutverk verndaráætlana vita að þær ná einnig yfir allar nauðsynlegar aðgerðir og framkvæmdir til að ná fram markmiðum friðlýsingar, þ.e. friðunar/verndunar. Orðið verndaráætlun felur þar í sér nauðsynlegar aðgerðir til að ná fram áætlunum um vernd. Fyrir þá sem ekki þekkja væri eðlilegt að útskýra fyrir þeim hvað þetta felur í sér. Almennt má segja að markmið og hlutverk verndaráætlana hefði mátt kynna betur fremur en að skipta um nafn.

Í drögum að frumvarpi segir: „Tillaga að umsýsluáætlun skal liggja fyrir innan sex mánaða frá gildistöku friðlýsingar“. Fyrir stór svæði er þetta of skammur tími ef ekki er hafist handa við gerð hennar fyrir en við friðlýsingu. Það væri til mikilla bóta fyrir alla aðila, bæði umsýslunaraðila og hagsmunaaðila, að drög að áætlun væru tilbúin um leið og friðlýsing á sér stað. Það krefst meiri og nákvæmari vinnu við friðlýsingarferlið en skilar sér í skýrari stefnu og niðurstöðu sem menn geta verið sáttari um. Hagsmunaaðilar sjá fyrir hvert stefnt er. Ef það er gert

ættu 6 mánuðir frekar að duga til að ljúka áætluninni. Þessi vinnubrögð eru þekkt við friðlýsingu svæða erlendis, þ.e. að hafa drög að áætlun tilbúin um leið og svæðið er friðlýst.

Það vantar að tiltaka að umsýsluáætlun fjalli einnig um verndun og verndaraðgerðir.

Í athugasemdum um 81. gr. er gert ráð fyrir að gerð umsýsluáætlana fyrir eldri svæði verði lokið eigi síðar en 1. júlí 2017 en í ákvæðum til bráðabirgða er talað um 1. júlí 2016. Leiðréttta þarf þetta misræmi.

83.GR. REKSTUR FÓLKVANGA

Í athugasemdum um 83. gr. er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun beri ábyrgð á gerð umsýsluáætlana fyrir fólkvanga. Það kemur hins vegar ekki fram í greininni, þó almennt sé rætt um ábyrgð Umhverfisstofnunar í 81. gr. um gerð umsýsluáætlana. Væri ekki eðlilegt að hér stæði einnig: „.....annast umsjón hans og rekstur í samræmi við umsýsluáætlun og bera af....“ , rétt eins og það stendur varðandi skyldur þjóðgarðsvarða í 82. gr.

XV. KAFLI. ÞVINGUNARÚRRÆÐI OG VIÐURLÖG

88. GR. STÖÐVUN ATHAFNA OG FRAMKVÆMDA

Í ljósi þess hversu illa gengur að sporna við utanvegaakstri er ástæða til að taka það til skoðunar að fela landvörðum og þjóðgarðsvörðum vald til að beita sektum gegn utanvegaakstri (sbr. sektarheimild stöðumælavarda).

XVI. KAFLI. ÝMIS ÁKVÆÐI

97. GR. BREYTINGAR Á ÖÐRUM LÖGUM

7. og 12. tölul.: Æskilegt er að skilgreina í lögnum hvað flokkast undir „minni háttar efnistöku“. Þetta á ekki síst við um malartekju úr ám. Þrátt fyrir að ummerki um efnistöku úr ám séu oft á tíðum lítt sýnileg getur malartekjan valdið miklum skaða á lífríki árinna, langt út fyrir efnistökuastað.

Fyrir hönd Samtaka náttúrustofa



Þorsteinn Sæmundsson, formaður